
Borgarholtsskóli Ársskýrsla 2013

Yfirlit yfir starfsemi skólans

Bryndís Sigurjónsdóttir

Hlutverk og skipulag stofnunar

Borgarholtsskóli starfar samkvæmt lögum nr. 80/2008 um framhaldsskóla undir yfirstjórn mennta- og menningarmálaráðherra.

Hlutverk skólans er bók- og verknámskennsla til stúdents- og lokaprófa. Í verknámi eru einkum bíl- og málmíðngreinar skv. áfanga-, lotu- og annakerfi. Borgarholtsskóli er kjarnaskóli í bíliðngreinum. Auk þessa starfrækir skólinn listnámsbraut með margmiðlunarhönnun sem kjörsvið og starfsnámsbrautir á sviði verslunar, félagsþjónustu, framhaldsskólabraut fyrir þá sem ekki standast inntökuskilyrði á aðrar brautir og einnig fjögurra ára starfsbraut fyrir fatlaða nemendur. Í boði er námstilboð fyrir nemendur sem stunda afreksípróttir og er kjörsvið þessara nema óskert en ípróttir og valeiningar eru notaðar til ípróttaiðkunar. Nemendur þessir útskrifast af bóknámsbrautum skólans auk afreksípróttasviðs með 152 einingar. Fyrir utan dagskóla er starfrækt dreifnám fyrir þjónustubrautir, margmiðlunarhönnun, bíla- og málmíðngreinar. Það nám er fjarnám með staðbundum lotum, mismiklum eftir eðli námsins. Þá annast kennarar skólans kennslu í Stóriðjuskólanum sem rekinn er af Álverinu í Straumsvík. Síðdegisnám sem starfrækt var fyrir þjónustubrautir, aðallega eldra fólk með starfsreynslu, hefur færst í dreifnámsform sem fyrr segir. Dreifnám hefur aðallega verið í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum sem bauð nýtt nám á fjórða þrepi haustið 2013, á félagsliðabraut, fyrir stuðningsfulltrúa, tómsbundaliða og aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum sem nú eru kallaðar þjónustubrautir og eru aðallega fyrir eldra fólk með starfsreynslu. Auk þessa er boðið dreifnám í málm- og bílgreinum. Þar er uppistaða nemendahópsins eldri namar sem hafa farið gegnum raunfærnimat.

Fulltrúar skólans eiga setu í starfsgreinaráðum bílgreina, upplýsinga- og fjölmiðlagreina, viðskiptagreina og heilbrigðis-, uppeldis- og tómsbundagreina. Starfræktar eru ráðgjafanefndir skv. 30. gr. laga um framhaldsskóla, önnur að ósk Félags blikksmiðjueigenda og hin er ráðgjafanefnd í bíliðngreinum. Stofnað var sk. bílgreinaráð sem er samstarfsvettvangur skólans og atvinnulífsins um þróun náms og kennslu í bílgreinum. Gerður var samningur við Metanfélagið hf. um að hefja kennslu í meðferð metanknúinna bifreiða. Einnig er skólinn í samstarfi við fyrirtæki í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum sem og stofnanir og fyrirtæki á sviði félagsþjónustu og verslunar.

Skipulag yfirstjórnar skólans er eftirfarandi: Skólameistari ber ábyrgð á starfsemi skólans og starfar skv. 3. gr. reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla. Hans staðgengill er aðstoðarskólameistari. Áfangastjórar í einu og hálfu stöðugildi hafa umsjón með áfangakerfi skólans. Auk yfirstjórnenda eru kennslustjórar, sem eru millistjórnendur, hluti af stjórnkerfi skólans. Þeir bera faglega ábyrgð á sínu sviði og eru tengiliðir skólameistara við einstakar námsbrautir eða flokka námsbrauta. Sex kennslustjórar eru yfir sex sviðum skólans. (Sjá: <http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/skipurit/>). Verkefnisstjóri dreifnáms og verkefnisstjóri námsþings (Moodle) voru ráðnir haustið 2013. Þá var þriðji verkefnastjórinn ráðinn yfir gæðamál skólans.

Í upphafi vorannar 2013 voru nemendur alls 1380, þar af 1153 í dagskóla, 227 í dreifnámi. Hér hefur orðið fækkun frá vori 2012 sem skýrist af því að dregið hefur úr verkefninu *Nám er vinnandi vegur* sem ríkisstjórnin stóð fyrir í upphafi árs 2011. Var þetta áttak viðleitni til að lyfta menntunarstigi þjóðarinnar. Ennfremur tók skólinn þátt í

verkefni fyrir atvinnuleitendur á vegum Vinnumálastofnunar. Við skólann störfuðu 104 kennarar, þar af skólastjórnendur og náms- og starfsráðgjafar, og 26 í öðrum störfum; alls 130 starfsmenn. Tveir kennarar voru í orlofi.

Á haustönn 2013 innrituðust 1208 nemendur í dagskóla og 245 í dreifnám alls 1453 nemendur. Heldur hefur dregið úr nemendafjölda skólans og skýring sú sama og að ofan er greint, þ.e. fækkað hefur nemendum í átaksverkefnunum tveim sem skiluðu skólanum 21 umframmemendaígildum við árslok 2013.

Um miðja haustönn 2013 voru alls 1.194 nemendur í skólanum og er dreifing þeirra á brautir og skipting þeirra eftir búsetu sýnd hér á eftir.

Nemendafjöldi í dagskóla

	Haust 2013		Haust 2012		Haust 2011	
	Fjöldi		Fjöldi		Fjöldi	
Bílgreinar og grunndeild bíliðna	224	19%	236	19%	261	20%
Málmgreinar	120	10%	119	10%	132	10%
Stúdentsprófsbrautir	532	45%	523	42%	537	42%
Framhaldsskólabraut	74	6%	94	8%	88	7%
Þjónustubrautir	75	6%	90	7%	87	7%
Lista- og fjölmiðlasvið	142	12%	146	12%	164	13%
Sérnámsbraut	27	2%	25	2%	23	2%
	1194	100%	1233	100%	1292	100%

Flestir dreifnámsnemendur stunda nám í þjónustugreinum enda hentar þetta kennsluform fullorðnu fólki sem stundar nám með vinnu.

Dreifnámsnemendur

	Haust 2013	
	Fjöldi	%
Þjónustugreinar	149	63%
Bílgreinar	20	8%
Málmgreinar	48	20%
Lista- og fjölmiðlasvið	20	9%
	237	100%

Að jafnaði hefur tæpur helmingur nemenda komið úr Grafarvogi. Aðeins 1/10 nemenda kemur af landsbyggðinni, þ.e. utan höfuðborgarsvæðisins.

Nemendafjöldi í dagskóla eftir búsetu

	Haust 2013		Haust 2012		Haust 2011	
	Fjöldi		Fjöldi		Fjöldi	
Grafarvogur/Grafarholt	512	43%	544	44%	583	45%
Reykjavík önnur hverfi	302	25%	287	23%	274	21%
Mosfellsbær	144	12%	156	13%	167	13%
Kópavogur/Garðab/Hafnarfj/ Álftanes/Seltj.nes/Kjalarnes	129	11%	109	9%	134	10%
Landsbyggðin	107	9%	137	11%	134	10%
	1194	100%	1233	100%	1292	100%

Nemendur

Inntaka – Skólinn sinni fræðsluskyldu með því að veita unglíngum undir 18 ára forgang við inntöku. Tekið var mið af skólasamningi og var skólinn fullskipaður og meira en það 2013. Við inntöku var einnig horft til þess að gera nemendum, sem gert höfðu hlé á námi, kleift að ljúka því samkvæmt átaksverkefninu sem að ofan er greint frá. Hvert pláss var nýtt og þurfti að hafna hluta umsækjenda. **Annað móðurmál** – Nokkrir nemendur með annað móðurmál en íslensku voru við skólann og var sinnt af dyslexíuráðgjafa sem einnig sinnir stuðningskennslu. Aukinn stuðningur var veittur vegna átaksverkefnisins.

Líðan, forvarnir – Samkvæmt viðhorfskönnun um líðan nemenda virðist miklum meirihluta nemenda líða vel í skólanum (sjá skýrslu um innra mat 2012-2013 á heimasíðu skólans). Við skólann er starfrækt stuðningsteymi sem vakir yfir velferð og líðan nemenda. Ákveðin stefna er í eineltismálum en náms- og starfsráðgjafar halda utan um þau mál og haldin hafa verið námskeið á þeirra vegum fyrir félagslega einangraða nemendur. Foreldraráð var sett á laggirnar vorið 2009 í samræmi við lög um framhaldsskóla. Áhersla var á heilsuefningu í ýmsum áföngum, svo sem íþróttum, lífsleikni, næringarfræði o.fl. Í mötuneyti skólans er lögð áhersla á hollan mat og sælgæti er ekki selt í skólanum. Skólinn er þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi skóli* sem Landlæknisembættið stóð fyrir. Útgangspunktur þess verkefnis er aukin lífsgæði og bætt líðan nemenda og starfsmanna með áherslu: 1. árið á næringu, skólinn hlaut **silfur** í því verkefni 2. árið á hreyfingu, skólinn hlaut gull í því verkefni 3. árið á andlega líðan stendur yfir 2014 og 4. árið á almennan lífsstíl. Landlæknir ýtti áttakinu úr vör 4. október 2011 hér í skólanum og dagurinn 4. október er sérstakur heilbrigðisdagur skólans þar sem lögð er áhersla á heilbrigða lífhætti.

Brotthvarf – Brotthvarfið á vorönn 2013 var 6,8% (en 11,3% 2013) en 6,4 % á haustönn 2013 (en 7,4% haust 2012).

Mætingastjóri heldur utan um mætingar nemenda ásamt kennurum og umsjónarkennurum. Ákveðin markmið voru sett til að draga úr brottfalli (sjá skólasamning).

Stuðningur – Tveir náms- og starfsráðgjafar starfa við skólann, einn dyslexíuráðgjafi og forvarna- / félagsmálateymi (þrír aðilar), áfangastjórar og mætingastjóri sem saman mynda stuðningsteymi skólans. Þessir aðilar ásamt skólameistara og aðstoðarskólameistara tóku viðtöl við nemendur í brottfallshættu á vorönn 2013.

Nám

Borgarholtsskóli sinnir breiðum nemendahópi og heldur því úti fjölbreyttu námsframboði á tíu námsbrautum. Um þriðjungur nemenda er á almennri bóknámsbraut, þriðjungur er í iðn- og tækninámi og þriðjungur er á öðrum ólíkum brautum, s.s. listnámi, sérnámsbraut og starfsnámi á sviði verslunar og félagsþjónustu (sjá: <http://www.bhs.is/namid/brautir/>). Starfað var að undirbúningi framkvæmdar framhaldsskólalaganna frá 2008 og voru framhaldsskólabraut og þjónustubrautir tilraunakenndar í anda þeirra laga haustið 2013. Áfram mun námsframboð skólans vera fjölbreytt.

Innleiðing nýrra námsbrauta

Ný stefnuskrá í anda framhaldsskólalaganna var samþykkt í janúar 2012. Skólinn hafði hlotið styrki til að vinna að brautalýsingum framhaldsskólaprófs, þjónustubrauta og listnáms á 4. þrepi og kennslu í notkun nýorku í bíliðngreinum. Skiluðu hóparnir niðurstöðum og afurðum vorið 2013 nema listnámið sem fékk styrk til tveggja ára. Haustið 2013 fékk skólinn svo styrk til að ljúka gerð námsframboðs fyrir þjónustubrautir, vinnustaðanámi og framhaldsnám fyrir leikskólaliða. Vinnustaðanáminu er lokið en frestur fékkst fram á vor 2014 fyrir leikskólaliða framhaldsnám. Í krafti þessara styrkja hafa framhaldsskólabraut og þjónustubrautir verið í tilraunakennslu frá hausti 2013 og endurskoðaðar. Endurskoðun á aðfaranámi málms- og bílgreina er einnig lokið en samvinnuverkefni í málmi eru í vinnslu. Dagskólanám í bílgreinum hefur verið endurskoðað með hliðsjón af nýjum lögum. Auk þess lauk brautarlýsingu á framhaldsnámi bílgreina (4. þreps námi) á haustönn 2013.

Á vorönn 2013 héldu hélt einn verkefnastjóri utan um innleiðingarmálin í 25% stöðu ásamt skólameistara og aðstoðarskólameistara. Hafði það hlutfall lækkað töluvert vegna niðurskurðar. Innleiðingaferli nýrra laga er aðallega unnið af krafti við þau verkefni sem hlotið hafa styrki til vinnunnar. Við framsetningu námsbrauta fer Borgarholtsskóli eftir þeim viðmiðum, sniðmátum og reglum sem settar eru af ráðuneytinu, taka mið af stefnuskrá skólans og aðalnámskrá. Gert er ráð fyrir að staðfestingarferli ráðuneytisins taki til framsetningar og uppbyggingar námsbrauta, staðsetningar á hæfniprep og fjárhagslegs svigrúms til rekstrar námsbrautanna. Fyrsta önn skólans skv. nýju fyrirkomulagi allra brauta var tilraunakennd haustið 2013.

Kennsla

Í Borgarholtsskóla er kappkostað að kennsla sé ávallt í hæsta gæðaflokki og stutt við sí- og endurmenntun kennara til þróunar á kennsluháttum. Áætluðu fé var úthlutað á hin ýmsu svið skólans í þessu skyni. Vorið 2011 var komið á endurmenntunarsjóði þar sem skólinn veitir hverjum starfsmanni 60.000 kr. styrk á þriggja ára fresti.

Skólinn uppfyllti skilyrði laganna varðandi kennslu og rökstuddi að svo væri með því að sýna fram á námsáætlanir, miðannarmat, lokamat og áfangakannanir. Skólinn notar kennsluvef, námsþing (Moodle / múðlu), til að halda utan um nám nemenda.

Kennslustjórar skila skýrslu í lok hvers starfsárs um starfsemi viðkomandi brauta. Liggja þær hjá skólameistara.

Kennarar voru 111 talsins á haustönn 2013 að stjórnendum meðtöldum. Í fullu starfi voru 99 kennarar, 12 í hlutastarfi og þrír voru í leyfi.

Menntun og starfshlutfall kennara við BHS haust 2013

	Karlar	Konur	Alls
Alls	63	48	111
Menntun			
MA / MS	13	25	38
BA / BS	22	22	44
Iðnmeistari	12	0	12
Sveinsbréf	10	1	11
Önnur próf	6	0	6
Kennsluréttindi			
UK	52	46	98
Án UK	11	2	13
Starfshlutfall			
Fullt starf	53	46	99
Hlutastarf	10	2	12

Aldur kennara við BHS

	Karlar	Konur
20-29	4	3
30-39	4	7
40-49	9	12
50-59	22	18
60-69	24	7
Alls	63	47

Brautskráðir nemendur árið 2013

Samtals voru brautskráðir frá skólanum **283 nemendur**. Haustið 2013 útskrifuðust 105 og vorið 2013 útskrifuðust 178 nemendur.

Erlent samstarf

Skólinn tók þátt í umfangsmiklu erlendu samstarfi. Margir erlendir gestir heimsóttu skólann í tengslum við þessi samstarfsverkefni. Skólinn tók þátt í verkefnum sem styrkt eru af Leonardo, Comenius. Samstarfsaðilar voru frá hinum ýmsu löndum svo sem Finnlandi, Eistlandi, Hollandi, Spáni, Englandi, Ítalíu og Þýskalandi. Skólinn hlaut viðurkenningu sem fyrirmyndarverkefni fyrir samstarfsverkefni fimm landa í stærðfræði sem hann hafði forystu í og stóð yfir í 3 ár. Skólinn er líka í samstarfi við Evrópumíðstöðina í sérkennslu og er tengiliður landsins við þá stofnun.

Innra mat

Viðhorfskönnun var lögð fyrir **starfsmenn** í mars 2013. Svarhlutfall var 70%. Niðurstöður könnunarinnar benda til að starfsfólki líði vel í vinnunni (um 70%) og það telur sig hafa hér tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Það er líka ánægjulegt að starfsmönnum finnst starf þeirra skipta máli fyrir skólann í heild sinni (94%). Hins vegar finnst helmingi starfsmanna þeir fá hrós en $\frac{1}{4}$ starfsmanna kallar eftir hrósi og viðurkenningu fyrir störf sín og þurfum við að tileinka okkur betur að hrósa fyrir vel unnin störf. Einnig kom fram að hvetja megi starfsmenn meira til endurmenntunar. Endurmenntunarsjóður er til staðar. Sumt í þessum niðurstöðum endurspeglar hins vegar það umhverfi sem samfélagið er statt í. Tímar niðurskurðar standa yfir nú; í lok 2013 er hann orðinn 17,4% í skólanum og á sama tíma er verið að huga að innleiðingu nýrra laga og óvissa sem því fylgir fyrir marga starfsmenn skapar óöryggi. Áhyggjur eru einnig af stórum hópum og of litlum stuðningi.

Áfangakönnun í mars 2013

Á þriggja ára tímabili er lagt mat á flesta áfanga og allir kennarar eru metnir af nemendum þeirra. Í þetta skipti voru 29 áfangar og 19 kennarar teknir út. Eftir að niðurstöður úr matinu lágu fyrir fékk viðkomandi kennari þær í umslagi til yfirlestrar og í maí fengu kennarar tækifæri til að ræða niðurstöðurnar við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Niðurstöður áfangakannana eru trúnaðarmál kennarans og stjórnenda en ef um vandamál er að ræða sem grípa þarf inn í kemur það til kasta skólameistara að leita leiða til úrlausna með viðkomandi kennara ef tilefni er til.

Viðhorfskönnun nemenda haustið 2013

Í könnuninni kom fram mjög jákvætt viðhorf nemenda til skólans og þeir virðast telja félagsanda góðan. Nemendum virðist líða vel í skólanum skv. könnuninni. Einnig kom fram að nemendur eru ánægðir með kennara sína og telja þá almennt sanngjarna og jákvæða. Kennarar mega þó vera duglegri að hrósa nemendum fyrir vel unnin störf skv. könnuninni.

Mötuneytið fær góða dóma hjá nemendum en nemendur eru óánægðir með matarverðið. Haustið 2011 tók nýr rekstraraðili við mötuneytinu. Breytt var um áherslur í fæðuframboði. Áhersla er lögð á hollan mat í samræmi við stefnu skólans um að vera heilsueflandi skóli. Samstarf skólans og rekstraraðilans hefur gengið vel og er í stöðugri þróun.

Stjórnun

Stjórnun skólans styður við stefnu hans (sjá Stefnuskra skólans á heimasíðu skólans). Árangur starfsins er metinn og starfsemin betrubætt í kjölfarið. Verka-skipting og stjórnunarferlar eru skýrir. Sjá skipurit Borgarholtsskóla: <http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/skipurit/>.

Umbótastarf – Starf að gæðamálum. Kennsla, stjórnun og helstu þættir skóla-starfsins eru metnir á kerfisbundinn hátt. Áætlun um innra mat er komin á netið og nýtt tímabil 2013-2016 hafið. Allar kannanir hafa verið endurgerðar með nýjum spurningum í anda nýrra laga og aðalnámskrár. Niðurstöður könnunar 2012-2013 sem birtast á heimasíðunni sýndu að nemendur kalla m.a. eftir fjölbreyttari kennsluháttum og eru þeir aðalþema starfsdags í maí 2013. Áhersla umbótastarfsins er á breytingarnar sem framundan eru og hlustað er á raddir nemenda sem koma fram á lýðræðisfundinum. Síðast þegar ytra mat og eftirlit var gert þótti matskerfi skólans fullnægjandi. Haustið 2011 hlaut skólinn styrk til að koma á gæðastjórnun og er sú vinna langt komin en ekki lokið. Unnið hefur verið að gæðahandbók og er þar metnaðarfullt verk og verkefnastjóri hefur verið ráðinn. Búið er að ráða verkefnastjóra innra mats og gera samning við Focal tölvukerfi um að halda utan um rafræn skjöl innra matsins. Vorið 2013 var gerð ytri úttekt á skólanum og er verið að vinna að umbótum sem lagt var til að skólinn færi í. Í gerð nýrra spurninga innra matsins var tekið tillit til ábendinga úttektaraðila og aðalnámskrár. Almennt séð kom skólinn vel út úr úttektinni.

Umhverfisstefna skólans er á heimasíðu hans. Skólinn er handhafi Grænfánans sem er vottun þess að skólinn starfar samkvæmt umhverfisstefnu og virðir sjálfbæra þróun. Umhverfisstefna skólans er á heimasíðu skólans.

Starfsmannastefna – Skólinn er með virka starfsmannastefnu sem birtist á heimasíðu hans. Farið er eftir ákveðnu ferli við móttöku nýrra starfsmanna. Handbók starfsmanna er uppfærð árlega en þar koma fram helstu upplýsingar um starfsemi skólans og hófst vinna að frekari gæðamálum með gæðastaðal ISO 9001 að leiðarljósi. Árlega er framkvæmd viðhorfskönnun meðal starfsmanna og við henni brugðist í viðleitni skólans til að stuðla að góðum starfsanda. Starfsmannasamtöl eru framkvæmd annað hvert ár og er framkvæmdin þannig að samtalið er milli starfsmanns og næsta yfirmanns eða yfirstjórnanda skólans. Starfsmannasamtöl voru framkvæmd síðast vorið 2013 og þeim fylgt eftir. Næst verða þau vor 2015.

Vorið 2013 voru 20 starfsmenn í öðrum störfum en kennslu, sbr. meðfylgjandi töflu:

Aðrir starfsmenn en kennarar vorið 2013			
	Karlar	Konur	Alls
Skrifstofufólk	0	2	2
Tækjaverðir	2	1	3
Forstöðum. fasteigna	1	0	1
Stuðningsfulltrúar	0	2	2
Ræstitækna	0	12	12

Jafnréttisáætlun er á heimasíðu skólans og starfar jafnréttisnefnd í samræmi við hana. Jafnréttisdagur var haldinn 8. mars 2013 samkvæmt hefð.

Samstarf við aðra

Fulltrúar skólans voru í starfsgreinaráðum bílgreina, viðskiptagreina og heilbrigðis-, uppeldis-, margmiðlunar- og tómstundagreina sem fyrr segir. Skólinn var í tengslum við hagsmunasamtök málm- og bíliðnaðarmanna. Bílgreinaráð var stofnað í skólanum

haustið 2013. Skólinn var í samstarfi við grunnskóla hverfisins og hýsti kynningar framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Fjármál

Árið 2013 voru fjárheimildir til skólans að frádregnum tekjum kr. 987.958.027 en gjöldin voru kr. 979.258.568 þannig að reksturinn var jákvæður um kr. 8.699.459. Jafnframt átti skólinn 24.422.420 milljónir kr. í uppsafnaðar fjárheimildir sem nú hafa aukist í kr. 33.121.879 sem kemur sér vel fyrir árið 2014. Skólinn greiddi 4,380 milljónir kr. í húsaleigu fyrir íþróttaaðstöðu sem ekki hefur verið bætt. Nýting starfskrafta hefur verið góð og hópastærðir helst til stórar en í fjölbreyttum skóla eins og BHS verða alltaf einhverjir hópar of litlir og er skýringin sú að skólinn hefur ákveðnar skyldur gagnvart nemendum þannig að fagbóklegir áfangar í verknámi og efri áfangar í bóknámi verða oft of fámennir í rekstrarlegu tilliti.

Lokaorð

Árið 2013 tók skólinn áfram þátt í átaksverkefnum ríkisstjórnarinnar í viðleitni þeirra til að hækka menntunarstig þjóðarinnar og draga út atvinnuleysi. Um er að ræða verkefni *Nám er vinnandi* vegur og *Nám fyrir atvinnuleitendur*. Heldur dró úr verkefninu vegna bættra atvinnumöguleika þessa nemendahóps.

Borgarholtsskóli festir sig stöðugt í sessi sem nútímalegur og fjölbreyttur, framsækinn framhaldsskóli þar sem þróunarstarf og sköpunargleði ráða ríkjum. Stefnuskrá skólans, sem samþykkt var í janúar 2012, er metnaðarfullt plagg í anda nýrra laga.

Sama er að segja um Starfsmannastefnuna sem er nýuppfærð. Fjölbreytt námsframboð og metnaðarfullt starfsfólk eru aðalsmerki skólans og ef marka má kannanir í sjálfsmati skólans ríkir samstaða um að reka hér góðan skóla. Skólinn er að ganga í gegnum breytingarferli þar sem undirbúningur framkvæmdar framhaldsskólalaganna frá 2008 er ráðandi í öllu þróunarstarfi. Stefnuskráin leggur línurnar og vinnan á hinum mismunandi sviðum mótast af henni. Undirbúningsvinna breytinganna forgangsraðast af verkefnum sem hafa hlotið sérstaka styrki þar sem kennaraforystan leggur áherslu á að kennarar vinni ekki að innleiðingavinnu án sérstakrar greiðslu. Skólinn hefur nú hlotið umtalsverða styrki.

Skólinn hefur byggt upp góð samskipti við helstu hagsmunaaðila og er í samvinnu við fulltrúa atvinnulífsins á þeim sviðum sem snerta námsframboð skólans. Einnig er skólinn mjög sýnilegur í Grafarvogi, tekur þátt í menningarlífi hverfisins, m.a. Grafarvogsdeginum, forvarnarstarfi hverfisins, er í samstarfi við kirkjuna og nýtur trausts og virðingar í nærsamfélaginu. Skólinn hefur því skapað sér ákjósanleg skilyrði til að fást við þau fjölmörgu viðfangsefni sem framundan eru.

Hins vegar er ljóst að við aðstæður þar sem niðurskurður hefur verið viðloðandi má búast við að dregið hafi úr starfsánægju starfsfólks. Ástæða er þó til að gleðjast yfir góðum rekstri skólans sem má þakka samstilltum skilningi stjórnenda og starfsfólks á erfiðum tímum.

Reykjavík, í febrúar 2014

Bryndís Sigurjónsdóttir, skólameistari